Women in Mathematics



Hypatia
(355–415/416)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera talin fyrsta konan sem lagði verulegan skerf til þróunar stærðfræðinnar.

Émilie du Châtelet
(1706–1749)

ÞEKKTUST FYRIR: þýðingu sína á og skýringar við Principia Isaacs Newton. Þýðing hennar ásamt skýringum er enn talin öndvegisþýðing ritsins á frönsku.

Maria Agnesi
(1718–1799)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera fyrst kvenna til að rita stærðfræðihandbók. Hún var líka fyrst kvenna til að vera ráðin í stöðu prófessors í stærðfræði við háskóla.

Marie-Sophie Germain
(1776–1831)

ÞEKKTUST FYRIR: bréfaskipti sín við Lagrange, Legendre, og Gauss undir dulnefni karlmanns. Hún var meðal frumkvöðla kenningar um fjaðurmagnsfræði og lagði grundvallarskerf til vinnu við Síðustu setningu Fermats.

Mary Somerville fædd Fairfax
(1780–1872)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera fjölfræðingur sem lagði stund á stærðfræði og stjörnufræði. Hún var önnur tveggja kvenna sem voru fyrstar kosnar heiðursfélagar í Konunglega stjarnfræðifélaginu. Somerville College við háskólann í Oxford ber nafn hennar henni til heiðurs.

Ada Lovelace
(1815–1852)

ÞEKKTUST FYRIR: að vinna með Charles Babbage að tillögum hans um rökgreinandi reiknivél. Hún áttaði sig á að hægt væri að nota vélina til annars en að reikna og ritaði fyrsta reiknirit sem slík vél gæti unnið eftir.



Florence Nightingale
(1820–1910)

ÞEKKTUST FYRIR: (auk þess að vera frumkvöðull að nútíma hjúkrun) framlag hennar til tölfræði, svo sem að finna upp sveipstuðlarit sem hún notaði til að túlka tölur fyrir almenning og stjórnmálamönnum.

Sofya Vasilyevna Kovalevskaya
(1850–1891)

ÞEKKTUST FYRIR: störf sín að stærðfræðigreiningu, hlutafleiðujöfnum og aflfræði. Hún var fyrsta konan til að verða fastráðinn prófessor í Norður-Evrópu og meðal fyrstu kvenna til að verða ritstjóri vísindatímarits.

Alicia Boole Stott
(1860–1940)

ÞEKKTUST FYRIR: að setja fram hugtakið margliðungur (polytope) um fjórvíðan kúptan hlut, og að uppgötva sex reglulega hluti af því tagi.

Philippa Garrett Fawcett
(1868–1948)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera fyrst kvenna til að hljóta einkunn í Tripos-stærðfræðiprófunum í Cambridge. Henni var ekki veittur titillinn Senior Wrangler, þar sem einungis karlmönnum var þá raðað eftir árangri.

Emmy Noether
(1882–1935)

ÞEKKTUST FYRIR: störf sín að hreinni algebru og fræðilegri eðlisfræði. Niðurstaða sem hún sannaði um almennu afstæðiskenninguna og öreindafræði er þekkt sem „Noether-setningin".



Mary Lucy Cartwright
(1900–1998)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera meðal frumkvöðla að ringulfræði (chaos theory). Hún var fyrsta konan til að verða félagi í Hinu konunglega breska vísindafélagi, til að taka við Sylvester orðunni, og til að verða forseti breska stærðfræðisambandsins - Mathematical Association – og stærðfræðifélagsins í London – London Mathematical Society.

Gertrude Mary Cox
(1900–1978)

ÞEKKTUST FYRIR: starf sitt að hönnun tilrauna í tölfræði. Hún var fyrsta konan sem var kjörin í Alþjóðlegu tölfræðistofnunina – the International Statistical Institute.

Marie-Louise Dubreil-Jacotin
(1905–1972)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera önnur konan til að ljúka doktorsprófi í hreinni stærðfræði og fyrsta konan til að verða fastráðin prófessor í stærðfræði í Frakklandi. Auk sérþekkingar sinnar í aflfræði straumefna og hreinni algebru var hún höfundur rits um sögu stærðfræðinnar.



Ruth Moufang
(1905–1977)

ÞEKKTUST FYRIR: brautryðjandaverk um ótengin algebrumynstur, þeirra á meðal Moufang-lúpur, sem kenndar eru við hana, og nýja grein rúmfræðinnar sem fjallar um svonefndar Moufang-sléttur.

Dorothy Vaughan
(1910–2008)

Katherine Johnson
(1918–2020)

Mary Jackson
(1921–2005)



Rózsa Péter
(1905–1977)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera fyrst ungverskra kvenna til að verða doktor í stærðfræði. Hún er þekkt fyrir að vera „formóðir rakningarfræðinnar". Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun og var fyrst kvenna til að verða kosin í Ungverska vísindaakademíuna.

Grace Brewster Murray-Hopper fædd Murray
(1906–1992)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera tölvunarfræðingur með doktorspróf í stærðfræði. Hún fann upp einn fyrsta tenginn (þ.e. tengiforrit), og var fyrst til koma fram með kenninguna um forritunarmál óháð vélbúnaði.

Joan Elisabeth Lowther Murray fædd Clarke
(1917–1996)

ÞEKKTUST FYRIR: að vera eina konan sem iðkaði Banburismus (þ.e. dulmálsferli sem Alan Turing þróaði í síðari heimsstyrjöldinni) á meðan hún starfaði hjá Dulmálsritunarskóla bresku ríkisstjórnarinnar – Government Code and Cypher School. Hún varð síðar staðgengill yfirmanns deildar sinnar.



Melba Roy Mouton
(1929–1990)



Christine Darden
(b. 1942)

Kvenreiknimeistarar NASA

Hópur kvenna, stærðfræðinga, reiknimeistara, og síðar forritara hjá NACA, NASA og Langley Research-Centre, sem lögðu stóran skerf til geimferða-kapphlaups Bandaríkjamanna.

Í byrjun, árið 1935, voru fimm konur stærðfræðingar í starfsliðinu, en árið 1946 voru þær 400 talsins.

FRAMÚRSKARANDI Í HÓPNUM VORU:
Dorothy Vaughan,
Katherine Johnson,
Mary Jackson,
Melba Roy Mouton og
Christine Darden.



Phyllis Nicolson fædd Lockett
(1917–1968)

ÞEKKTUST FYRIR: starf sitt í tölulegri greiningu með John Crank að Crank-Nicolson aðferðinni. Á meðan á námi hennar til doktorsprófs stóð við Manchesterháskóla, varð hún snjall notandi diffurgreinis Hartrees.



Julia Robinson
(1919 – 1985)

Höfundur: George M. Bergman, Berkeley
Heimild: Skjalasafn Mathematisches Forschungsinstitut

ÞEKKTUST FYRIR: framlög sín til reiknanleikafræði og reikniflækjufræði.

Olga Aleksandrovna Ladyzhenskaya
(1922–2004)

ÞEKKTUST FYRIR: störf sín að hlutafleiðujöfnum, vökvarennslisfræði, og samleitni aðferðar endanlegra mismuna við NavierStokes jöfnurnar. Hún var á stuttlistanum til Fields-orðunnar árið 1958.



Anneli Lax
(1922–1999)

ÞEKKTUST FYRIR: framlög sín til stærðfræðimenntunar og útgáfu á stærðfræðilegu efni. Hún bætti tungumálaleikni við stærðfræðimenntun.

Yvonne Choquet-Bruhat
(f. 1923)

ÞEKKTUST FYRIR: framlag sitt til rannsókna á hinni almennu afstæðiskenningu Einsteins. Hún var fyrst kvenna kjörin reglulegur meðlimur Frönsku vísindaakademíunnar og hún er stórriddari af Frönsku heiðursfylkingunni.

Olga Arsenievna Oleĭnik
(1925 – 2001)

ÞEKKTUST FYRIR: frumkvöðlastörf sín við algebrulega rúmfræði, hlutafleiðujöfnur, fræðin um sterklega misleit fjaðrandi efni, og stærðfræðikenninguna um yfirborðslög.



María Wonenburger
(1927–2014)

ÞEKKTUST FYRIR: störf sín við grúpufræði og Lie-algebrur. Hún var fyrsti Spánverjinn til að hljóta Fulbright-styrk til doktorsnáms í stærðfræði.

Shakuntala Devi
(1929–2013)

Dak kab / Hervé Spaël, í gegnum Wikimedia Commons

ÞEKKTUST FYRIR: að hafa áunnið sér sæti í Heimsmetabók Guinness 1982 fyrir reiknigetu. Hún var kunn sem „mannleg tölva" (t.d. reiknaði hún í huganum margfeldi tveggja þrettán-stafa talna á 28 sekúndum).

Marina Evseevna Ratner
(1938–2017)

ÞEKKTUST FYRIR: störf sín að þekjufræði (ergodic theory). Hún sannaði niðurstöður um einvalda (unipotent) streymi á einsleitum rúmum, kunnum sem Ratner-setningar, og hún hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir störf sín.

Nancy Jane Kopell
(f. 1942)

ÞEKKTUST FYRIR: störf sín á sviði hagnýttrar lífstærðfræði með skerfi til fleiri en 200 birtra vísindagreina. Hún er framkvæmdastjóri og meðal stofnenda hópsins Cognitive Rhythms Collaborative. Hún hefur hlotið margvíslegar heiðursviðurkenningar, þar á meðal John von Neumann verðlaunin.



Idun Reiten
(f. 1942)

Kai T. Dragland / NTNU

ÞEKKTUST FYRIR: starf sitt að útsetningarfræði (representation theory). Hún hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir framúrskarandi rannsóknir. Árið 2014 sæmdi Noregskonungur hana stórriddaraorðu Ólafs helga fyrir störf hennar að stærðfræði.



Karen Uhlenbeck
(f. 1942)

Andrea Kane Institute for Advanced Study

ÞEKKTUST FYRIR: að vera upphafsmaður að nútíma rúmfræðigreiningu og fyrst kvenna til að hljóta Abel-verðlaunin.

Ingrid Daubechies
(f. 1954)

Les Todd, Duke Photography

ÞEKKTUST FYRIR: að beita stærðfræðilegum aðferðum til að þróa myndvinnslutækni. Nafn hennar er tengt smábylgjum/svipbylgjum sem eru notaðar í JPEG 2000 staðli. Hún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar og verðlaun, þar á meðal verðlaun prinsessunnar af Asturias (árið 2020) fyrir tækni- og vísindarannsóknir.

Claire Voisin
(f. 1962)

Með vinsamlegri leyfi Claire Voisin

ÞEKKTUST FYRIR: störf sín að algebrulegri rúmfræði, einkum Hodge-fræði og beitingu hennar á tiltekin sigild viðfangsefni.



Maryam Mirzakhani
(1977–2017)

Með góðfúslegu leyfi National Science Foundation.

ÞEKKTUST FYRIR: að vera fyrsti Íraninn og fyrst kvenna til að hljóta Fields-orðuna. Meðal rannsóknarverkefna hennar eru Teichmüller-fræði, breiðger rúmfræði, þekjufræði (ergodic theory), og mishverf (symplectic) rúmfræði.

The Netherlands

UNIVERSITY OF EXETER

Fr. Silvy Hendriks, Dr. Houry Melkonian, og Prof. Maria Vlasiou þróuðu þetta verkefni og stýrðu því. Aðrir sem lögðu skerf til þess eru Dr. Tom Ritchie og eftirtaldir stúdentar við Háskólann í Exeter: Amber Ellis, Sophia Jaffer, Anila Navaratnam, og Sophie Peel.

Hannað af Jana Kleineberg | kleineberg.co.uk